

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Kópasker urðun við Kópasker



Dags eftirlits	24.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Kópasker	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169–5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Hreiðar Einarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings á Kópaskeri. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 4.3)
4. Skráningar (gr. 5.1)
5. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins. Fram kom að á urðunarstaðnum hafa verið urðuð tæp 473 tonn af úrgangi árið 2021. Urðunarstaðurinn er afgirtur og hlið læst.

Rætt var um skráningar, en rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum fyrir árið 2021 hefur ekki verið skilað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir

